

Nd.

485. Frumvarp til laga

[229. mál]

um breyting á lögum um skógrækt, nr. 3 frá 6. marz 1955.

Flm.: Kristján Ingólfsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Skógrækt ríkisins skal hafa aðalaðsetur sitt á Fljótsdalshéraði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Fábreytt atvinnulíf úti um landið er án efa ein af orsökunum fyrir fólksflóttanum þaðan. Rætt hefur verið um flutning ríkisstofnana út um land. Vafalaust mundu slíkir flutningar, ef vel tækist til, efla stöðu landsbyggðarinnar.

Í frumvarpi þessu er ráð fyrir því gert, að opinber stofnun, Skógrækt ríkisins, verði flutt út á land frá þeim stað, sem hún nú hefur aðsetur sitt á.

Í dag er aðsetur Skógræktar ríkisins í Reykjavík, fjarri þeim vettvangi, þar sem skógur er ræktaður. Lagt er til, að í stað þess verði aðalstöðvar stofnunarinnar framvegis í því héraði, þar sem mestir eru skógar og skógrækt lengst komin á landi hér.